

## Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn á Teams 28. október 2024, kl. 8:30

### Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður  
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps  
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps  
Haraldur Þór Jónsson, oddviti í Skeiða og Gnúpverjahreppi  
Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri í Bláskógabyggð  
Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggð  
Iða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri Grímsnes og Grafningshrepps  
Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps  
Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Einnig sátu Anný Ingimarsdóttir og Gunnlaug Hartmannsdóttir deildarstjórar fundinn.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.  
Formaður, Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár:

### 1. Drög að fjárhagsáætlun 2025.

Deildarstjórar SVÁ kynntu endanleg drög að fjárhagsáætlun ársins 2025 vegna hvorrar deildar fyrir sig, velferðarþjónstu og skólþjónustu.

Stjórn samþykkir að fjárhagsáætlun verði lögð fyrir aðalfund í þeirri mynd sem hún hér er kynnt.

Hér yfirlit deildarstjórar fundinn.

### 2. Tillaga um samræmingu símakostnaðar og yfirvinnu.

Rætt um tillögu sem fram hefur komið frá starfsmönnum varðandi samræmingu fastra yfirvinnustunda og símagreiðslna til starfsmanna. Fyrir fundinum lá úttekt á launaröðun starfsmanna þar sem fram koma yfirvinnutímar og heildargreiðslur launa.

Stjórn samþykkir að verða ekki við beiðninni varðandi yfirvinnu en samþykkir að verða við ósk sem fram hefur komið um greiðslu símakostnaðar. Formanni falið að kynna þessa niðurstöðu stjórnar fyrir deildarstjórum.

### 3. Undirbúningur aðalfundar.

Rætt um dagskrá og fyrirkomulag aðalfundar sem haldinn verður á morgun, þriðjudaginn 29. október kl. 15:00 í Árnesi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:35

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:57

